


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti LIME2ML06	
	Námsáætlun HAUST 2016	

LISTIR OG MENNING

Menningarsaga, Læsi, skynjun, túlkun



Kennarar	Sk.st.	Viðtalstímar	Netföng
Arna Valsdóttir	AVA	ÞRI. 11.25–12.05	arna@vma.is
Véronique Legros	VER	ÞRI. 9.55–10.35	vero@vma.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum fær nemandinn innsýn í menningarsöguna og hvernig þróun og víxlverkun listgreina og samfélags mótar þann nútíma sem við lifum í. Nemandinn kynnist forsendum skynjunar mannsins og margvíslegum möguleikum hans til listrænnar tjáningar. Nemandinn kannar fagurfræðilegar og hugmyndalegar forsendur lista og hvernig þróun þeirra tengist breytingum samfélagsins á hverjum tíma s.s. í tengslum við trúarbrögð, tæknilegar nýjungar, þróun í vísindum og stjórnmálum.

Nemandinn rannsakar þætti sem snúa að skynhrifum. Hann vinnur verkefni þar sem hann kannar mismunandi listgreinar, tengsl þeirra innbyrðis og ólík stíltímabil.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi allrar listsköpunar í samfélaginu
- fagurfræðilegum og hugmyndafræðilegum forsendum lista
- hvernig samfélagsbreytingar, trúarbrögð, tækniframfarir, þróun í vísindum og stjórnmál hafa áhrif á listir, skynjun og sköpun
- hvernig stefnur og straumar í listum taka sífellt breytingum
- samspili ólíkra listgreina og hvernig þær hafa áhrif hvor á aðra grunnatriðum í eðlisfræði og skynjunarsálfræði
- möguleikum sem listnám hefur upp á að bjóða

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- opna hugann og horfa vítt hvað varðar menningu og listir í samfélaginu
- beita mismunandi aðferðum í framsetningu verkefna sinna s.s. með því að rita, tala, teikna eða miðla á annan hátt
- vinna á sjálfstæðan og skapandi hátt undir leiðsögn kennara að afmörkuðum verkefnum er tengjast fyrirlestrum og straumum og stefnum í listum
- skilja muninn á öpun og sköpun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna nokkurt sjálfstæði við útfærslu/túlkun verkefna undir leiðsögn kennara, ýmist skrifleg, verkleg eða unnin með nýmiðlum
- setja listir í menningarlegt og sögulegt samhengi og tileinka sér hæfni til að fjalla um viðfangsefni áfangans hverju sinni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Áfangahæiti LIME2ML06		
Námsáætlun HAUST 2016		

- fjalla um listir og hönnun
- meta, greina og skynja listir og hönnun út frá eigin forsendum og annarra
- fjalla um listviðburði og fyrirlestra á gagnrýninn og sjálfstæðan hátt og rökstyðja mál sitt
- vinna með öðrum með umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi
- ræða um eigin verkferli og listrænar niðurstöður
- ræða heimspekileg álitamál um skynjun
- rökstyðja skoðanir sínar

Innkaup: Nemendur þurfa að hafa **glósu-/skissu-/vinnu-bók** í tímum og skriffæri.

RRRING! SÍMAR VELKOMNIR TIL NÁMS ...

Kennslan fer fram í gegn um leitarnám, verkefnavinnu, bæði einstaklings og hópa, fyrirlestra, umræður og vettvangsheimsóknir. Umræður um álitamál skipa stóran sess í áfanganum. Á önninni fjalla 3 gestafyrirlesarar um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum og skila nemendur verkefnum í tengslum við þá. **Fyrirlestrar eru á þriðjudögum í Ketilhúsinu kl.17**

Áætlun um yfirferð:

Í upphafi áfanga eru hugtökin "Listir" og "Menning" skoðuð og menningarsagan í kjölfarið með áherslu á hinar fjölmörgu listgreinar, tengsl þeirra hver við aðra og við samfélagið á hverjum tíma. Svo verður lögð áhersla á skynjun mannsins og fjölbreytta möguleika hans til að tjá sig í listum og hönnun. Farið verður í einstaka þætti lista og hönnunar með tilliti til skynjunar, túlkunar, tjáningar, fagurfræði og táknafræði.

Verkefni / Skil:

Nemendur vinna í glósu-/skissu-/vinnu-bók, sem er skilað í lok annar **(2.des.)**

Nemendur vinna verkefni í tímum einnig skila þeir verkefnum sem unnin eru heima út frá gestafyrirlestrunum og sýningum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	X Símat	σ Lokapróf/valið lokapróf	σ Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Glósu- /skissu-/ vinnu- bók	viðhaldið alla önnina (í tímum og jafnvel heima)		30 %
Afrakstur verkefnavinnunnar	4 verkefni í tengslum við fyrirlestrana / sýningar		35 %
Frammistaða / þátttaka / ástundun	virkni í umræðum og verkefnavinnu í tímum		15 %
Sjálfsmat	sjálfsmat nemanda unnið á kennslutíma í lok annar		15 %
Mæting á fyrirlestra	3 fyrirlestrar á önninni		5 %
	Samtals:		100%
Annað:	Próflaus áfangi. Símat. Öll verkefni eru metin.		

ATH ! SKILAVERKEFNI SKULU SÓTT Á SÝNIDEGI PRÓFA. (16 des.)

Gangi ykkur vel Með fyrirvara um breytingar **ARNA , VÉRO**

Dagsetning: 17.08.16

Anna G. Valsæðis

Undirritun kennara

Selma Þ. Jónsdóttir

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils